



Umsögn

Efni: Tillaga um samþykkt samninga vegna samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Reykjavíkurborg hefur borist erindi frá Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er eftir samþykki Reykjavíkurborgar á fyrirliggjandi samningum vegna undirbúnings Borgarlínu. Um er að ræða annars vegar samning milli sveitarfélaganna innan SSH um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar milli SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 og 2020.

Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna innan SSH á árunum 2019 og 2020 eru 800 mkr og jafnhátt framlag kemur frá ríkunu. Reykjavíkurborg ber 56,5% af þeim kostnaði skv. drögum að samkomulagi á milli sveitarfélaga innan SSH og byggir þessi skipting á íbúafjölda. Samkvæmt þessari tillögu nemur framlag Reykjavíkurborgar 136 mkr á árinu 2019 sem rúmast innan fjárfestingaráætlunar en þar eru 200 mkr á áætlun. Seinni hluti framlags borgarsjóðs nemur 316 mkr og kemur til greiðslu á árinu 2020 og þarf að gera ráð fyrir því í fjárfestingaráætlun 2020.

Tillagan breytir ekki samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019.

Mælt er með að þessi tillaga verði samþykkt.

Birgir Björn Sigurjónsson

fjármálastjóri